

Ályktun landsþings Landssamtaka íslenskra stúdenta um stöðu stúdenta á húsnaðismarkaði

Stúdentar verða að eiga í sig og á þannig að það sé raunhæfur valkostur fyrir þau að sækja sér menntun. Réttindi þeirra til tekjuöryggis, heilbrigðisþjónustu, húsnaðisöryggis og annarrar félagslegrar þjónustu eru oftast en ekki bundin ýmsum skilyrðum og undanþágum sem valda því að stúdentar falla milli glufa í kerfinu.

Öruggt húsnaði er stúdentum mjög hugleikið hagsmunamál og á sérstaklega við núna þegar samgöngu- og skipulagsmál eru í forgrunni hjá sveitarfélögum og skólayfirvöldum, í átt að betra og umhverfisvænna samfélagi. Stúdentaíbúðir er í þessu samhengi lykilatriði til að tryggja stúdentum aðsetur í grennd við sínar menntastofnanir. Þrátt fyrir uppbyggingu stúdentagarða síðustu ár er enn langt í að stúdentar geti gengið að íbúð á stúdentagörðum sem sjálfsgöðum hlut. Uppbygging verður að eiga sér stað jafnt og þétt þannig að hægt sé að halda í við þörfina og komið sé í veg fyrir húsnaðisskort til framtíðar.

Stúdentar eru að jafnaði með lægri ráðstöfunartekjur en aðrir hópar og þar með einstaklega viðkvæmir fyrir sveiflum á leigumarkaði. Samkvæmt Eurostudent VII teljast **43% stúdenta** á Íslandi vera með íþyngjandi húsnaðiskostnað sem er tæplega fjórfalt herra hlutfall en meðal allra Íslendinga. Stuðningur hins opinbera til stúdenta vegna húsnaðis, á vegum ríkis og sveitarfélaga, er mjög mismunandi og setur annars svipaða stúdenta í mjög ólíka stöðu.

Niðurstöður [skýrslu Stúdentaráðs Háskóla Íslands um stúdenta á húsnaðismarkaði](#) benda til þess að viðmiðunar stúdentinn greiði að jafnaði húsnaðiskostnað sem annað hvort nálgast það að vera íþyngjandi eða hreinlega er það. Vísitala leiguverðs hefur hækkað um 41% á síðustu fimm árum en viðbótarlán Menntasjóðs námsmanna vegna húsnaðiskostnaðar hefur aðeins hækkað um 11%. Aðstæður stúdenta á húsnaðismarkaði verður því að teljast áhyggjuefni.

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta hvetur viðeigandi stjórnvöld til þess að greiða úr þeim flækjum er gera stúdentum erfiðara og oft nær ómögulega að standa straum af húsnaðiskostnaði. Aðgangur að húsnaði í nálægð við skóla á viðráðanlegu verði er lykilatriði, því ætti að skoða það að fleiri sveitarfélög komi að uppbyggingu stúdentagarða og fleiri lóðir standi til boða. Þá þarf að endurskoða undanþágur fyrir stúdenta á reglum um

almennar húsnæðisbætur þannig að þær gildi óháð því hvort leigt sé á stúdentagörðum eða á almennum leigumarkaði. Reglur um sérstakar húsnæðisbætur ættu þess að auki að vera samhæfðari milli sveitarfélaga og undanþága á sérstökum húsnæðisstuðningi fyrir námsfólk vegna staðsetningu húsnæðis ætti ekki einungis að eiga við um námsfólk undir 18 ára.

Sveitarstjórnarkosningar eru nú í aðsigi og er sérstaklega farið þess á leit við frambjóðendur og verðandi fulltrúar sveitarfélaga út um allt land að leggja sitt af mörkum til að styðja við þennan málaflokk stúdenta. Það er jafnréttismál að allir landsmenn geti sótt sér nám við öruggar aðstæður í menntastofnanir á landinu, hvar sem þær kunnu að vera.